

Úr djúpunum

Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
24. apríl – 1. september 2013

Valin verk úr safneign Listasafns Íslands og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar þar sem teft er saman höggmyndum eftir Sigurjón og málverkum samtímamanna hans, Þorvaldar Skúlasonar, Svavars Guðnasonar, Nínu Tryggvadóttur, Kristjáns Davíðssonar og Guðmundu Andrésdóttur.

Ávarp

Við stöndum á merkilegum tímamótum þegar tvö listasöfn á höfuðborgarsvæðinu, annað höfuðsafn íslenskra lista og hitt eitt atkvæðamesta sérsafn landsins, opna sameiginlega sýningu í húsa- kynnum hins síðarnefnda. Sýningin heitir *Úr djúpunum* og tekur til verka Sigurjón Ólafssonar og nokkurra náinna vina hans og kolla- ega. Heitið skírskotar til sækrisla þeirra sem hann dró fram úr efniviði sínum eftir að hann varð að leggja meitilinn á hilluna eftir þrálát veikindi. Eins og oft vill verða, snúa mætir menn nauðsyn- legu undanhaldi í nýja sókn og færa sér í nyt ný aðföng og annan efnivið. Í stað þess að gefast upp fyrir andstreyminu leggja þeir á önnur og óvænt mið og þannig varð þjóðin snöggum ríkari þegar Sigurjón sýndi það og sannaði að hann var fullfær um að snúa við blaðinu og takast á við nýjar hugmyndir og margslungna útfærslu þeirra þótt hann færi að vissu leyti aftur til upphafsins í notkun trjáviðar, að viðbættum kopar og öðrum málmi.

Vinir hans úr hópi málara stóðu einnig frammi fyrir nýrri áskor- un. Sú stranga formfesta sem einkenndi sjötta áratuginn vék nú fyrir nýjum og ljóðrænni áherslum. Hvers konar tilraunir með upplausn myndmálsins úr viðjum reglubundinnar flataskiptingar og frelsun litanna úr fangbrögðum hornréttar línuskiptingar endurspegluði sókn listmálara á önnur og ókönnuð mið. Það má með nokkrum sanni segja að tímabilið sem gekk í garð með þess- um breytingum hafi markað hástig móðernískrar listar á Íslandi og opnað augu landsmanna fyrir ágæti viðkomandi listamanna.

Það er í ljósi þessarar þróunar sem vert er að gefa gaum því tímabili sem leysti af hólmi átökin milli skilningsleysis og skilningsvakningar og varð til þess að menn opnuðu loksins augun fyrir nútímanum og því sem hann hafði fært þeim. Því er ástæða til að fagna þeim áherslum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar að halda til haga þeim kapítula í íslenskri listasögu sem lýtur að módernískri list og reis hvað hæst með verkum sem dregin voru úr djúpum höfunda þeirra sem við okkur blasa og bera órækt vitni þroskuðum skilningi þeirra á vegferð sinni og köllun.

Halldór Björn Runólfsson

Úr djúpunum

Myndlist, arkitektúr og umhverfi mætast á einstakan hátt í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar út við strandlengjuna í Laugarnesi. Verk Sigurjóns eru sífersk, þótt vissulega geti verið snúið að nema þær byltingarkenndu hugmyndir sem lágu að baki myndlistarhugsun liðinnar aldar, og gera sér grein fyrir staðbundnu og alþjóðlegu samhengi íslenskrar myndlistar eftir seinni heimstyrjöld.

Titill sýningarinnar *Úr djúpunum* vísar til þeirra furðuskefna sem Sigurjón tók að fást við eftir erfið veikindi um og eftir 1960. Breytt heilsufar hafði það í för með sér að hann hætti næstum alveg að höggva í stein og fór að gera tilraunir með ný efni, en samt gömul, og smíða úr þeim á frumlegan hátt, myndir sem ýmist taka á sig svip manns eða dýrs. Sigurjón byrjaði næstum upp á nýtt og við það eitt að handleika svo ólík efni sem kopar, járn og tré, þreifa sig áfram og setja saman, hófst nýr kafli í list hans. Hann leyfði sér ýmsar tilraunir, en gleymdi aldrei undirstöðum höggmyndalistarinnar, þ.e. átökunum við rýmið. Verkið *Vínátta* (1969, LSO 046) er gott dæmi um þessar nýju aðferðir, en verkið sýnir einnig að samsett, útskorin tréverk Sigurjóns byggja á langri reynslu hans í höggmyndagerð og fullkomnu valdi hans á efninu. Verkið er súla í mannsmynd, framsæ, því hún horfir beinlínis framan í áhorfandann. Myndmálið, skurðirnir, krotið og naglaförin, er sótt í sjálfsprottnu aðferðin sem Sigurjón tók að rifja upp á þessum árum, og bjó yfir ótakmörkuðum möguleikum í leitinni að því upprunalega. Hendingin fékk kannski stundum að ráða, en þrátt fyrir tilraunamenskuna, þá eru samsett verk Sigurjóns ætíð þaulhugsuð og fullmótuð smíð. Hver skora, hver einasta rifa virðist vera á nákvæmlega réttum stað, þannig að samspil ljóss og skugga falla

áreynslulaust. Verkið lifnar, verður mennskt með sínum undarlegu holum, göddum og nöglum. Þessi líkamlega nánd minnir óneitanlega á afrísk blæti, þar sem krafturinn sprettur beint út frá efninu og skáldskapurinn fær að ráða um framvinduna.

Hjörleifur Sigurðsson, listmálari og gagnrýnandi, lýsti verkum Sigurjóns þannig í grein um sýningu hans í tímaritinu *Birtingi* (1958): „Hreinir hlutir, heilsteyptir, er við skynjum snögglega með öllum líkamanum eins og af hendingu ... Þessir kollóttu steinar, tálguðu drumbarnir, bronshöfuðin, hvernig hafa þau orðið svona sjálfsgæður þáttur í lífi okkar? Liggur erfið leið að baki mótunar þeirra? eru margslungnir hæfileikar upphaf jafn einfalds forms?“ Spunamyndir Sigurjóns mætti jafnvel kalla goðsagnaverur í anda *Mythologiques*, ritsfranska mannfræðingsins Claude Lévi-Strauss. Þær rísa úr sálardjúpunum, heilsteyptar, sjálfstæðar verur og endurspegla upprunalega þörf mannsins til að safna og handleika. Tilvist þeirra mætti hugsanlega skýra með því að eftil vill var Sigurjón að reyna að ýta tímanum frá sér, galdra ásókn hans á brott.

Verk Sigurjóns frá tímabilinu 1960 til 1982 eru sýnd hér í samtali við málverkfélag hans, þeirra Guðmundu Andrésdóttur, Nínu Tryggvadóttur, Þorvaldar Skúlasonar, Svavars Guðnasonar og Kristjáns Davíðssonar. Öll voru þau tengd innbyrðis, ýmist persónulega eða sem listamenn, og snertifletir málverka þeirra og verka Sigurjóns skerast á óvæntan hátt. Við samanburðinn sér áhorfandinn flatarverk Sigurjóns, jafnvel tréverk eins og *Baráttuna um fjöreggið* (1978, LSÓ 098), í nýju ljósi. Viðureign hans við flötinn, við lágmyndina, og við flötinn í frittstandandi verkum, fékk aukið vægi þegar leið á öldina, og er áberandi á árunum í kringum 1970, þegar hann fékk það verkefni að kljást við stóran vegg á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar 1966–69. Á þessu tímabili er áhugavert að skoða hvernig Sigurjón leitaði að samhverfu á milli flatarins og rýmisins, tvívíddar og þrívíddar. Mörg frittstandandi verka hans frá þessu tímabili kallast á við stærri flatarverk, og samanburður leiðir í ljós að mörg smærri verka voru hugsuð stórt. Þau voru æfing fyrir stærri verk og í þeim stærri var hægt að endurvinnna form frá þeim smærri. Þarna bjó að baki langtíma reynsla og þekking á innri eigindum höggmyndalistarinnar, skala og hlutföllum og áhrifum hlutfalla í rýminu, jafnt utandyra og innan.

Þessa reynslu hafði Sigurjón meðal annars öðlast vegna þess að á löngum ferli sínum hafði hann þrætt í gegnum listasöguna í verki og tileinkað sér allar aðferðir höggmyndalistarinnar, því allt lék í höndum hans, hvort sem hann klappaði í stein, mótaði leir, steypiti, tók af eða bætti á. Hann kannaði höggmyndir Egypta, Grikkja, Assíringa, hann kom við hjá Brancusi, sneri til baka að ítölsku endurreisninni með fjarvíddina að vopni, að fundinni spýtu og fjörugrjóti, yfir í þyngd steinsteypunnar og að lokum uppruna-leika og einfaldleika þess að tálga í tré. Þannig birtast frumlistirnar á ólíka vegu hjá Sigurjóni, sama hvort efnið er steinn eða tré, allt frá því að hann tálgaði fyrstu súluna í mannsmynd, *Stofninn* (1936, LSÓ 1041). Enn má sjá endurkast frumlistanna í einföldun andlits-ins í *Skeifan og skjöldurinn* (1970, LSÓ 052), sem hefur sama kyrra, ávala svipmótið og *Atómsprengjunnar* (1979, LSÓ 099). Samtalið við félagana sést þar sem skuggaspilið í verkinu *Baráttan um fjör-eggið* kallast á við straumkastið í verkum Þorvaldar Skúlasonar frá árinu 1981. Skúlptúrar Sigurjóns og málverk Guðmundu Andrés-dóttur eiga það auk þess sameiginlegt að deila taktfastri form-byggingu, hverfast um endurtekninguna og samhverfuna, eins og sést í verki Sigurjóns *Snúningar* (1970, LSÓ 050). *Samstæða* (1974, LSÓ 059) er annað dæmi um það hvernig Sigurjón myndar sterkt talsamband á milli forma og flatar, og þessi tvö verk gætu bæði verið dregin upp eins og hugmyndir að mun stærri rýmisverkum. Frelsið, sem Sigurjón leyfir sér í samsetningum sem takast á flug eins og ljóðhending skrifuð í rýmið, kallast hins vegar á við það þegar þeir Svavar Guðnason og Kristján Davíðsson teikna frítt og láta pensilinn reika um flötinn.

Hvernig bregðumst við við þegar tímabil verða hluti afsögunni? Verk þeirra listamanna sem hér eru sýnd vísa aldrei beinlínis til álitamála, eða þess ágreinings sem ríkti um myndlist í íslensku samfélagi, þótt undirliggjandi séu mjög fastar skoðanir um það hvernig list eigi að vera og hvaða hlutverki hún eigi að gegna í samfélaginu. Guðmunda Andrésdóttir lýsti listsköpun sinni sem sálarháaska, Sigurjón lagði líf sitt í sölurnar fyrir myndlist sína og hlaut af því varanlegt heilsutjón. Verkin bregða upp sögunni af því þegar listamenn álitu það hlutverk sitt að glíma við tilvistarvanda manns-ins, sem birtist í leit að því upprunalega og sameiginlega í mennsk-

unni. Eins og Guðbergur Bergsson hefur bent á þá eiga listaverk lengra líf fyrir höndum en höfundar þeirra. Höggmyndalistin er varanlegur hluti af umhverfinu á annan hátt en málalastin, sem verður að láta sér vegginn nægja. Verk Sigurjóns setja ekki eingöngu mark sitt á safnið og umhverfið í Laugarnesi, því þau má sjá víða um borgina. Á vegg við Sæbrautina, á fjölbýlishúsum í Espigerði, á torgi fyrir utan Hótel Sögu, og víðar. Þetta er myndlist sem lifnar í nándinni hér og nú.

apríl 2013
Æsa Sigurjónsdóttir

Þorvaldur Skúlason (1906–1984)

fæddist á Borðeyri við Hrótafjörð en flutti með foreldrum sínum til Blönduóss og ólst þar upp. Fimmtán ára gamall réðst hann sem messadrengur á skip sem sigldi til Leith og Kaupmannahafnar og gafst honum þá tækifæri til að skoða listasöfn þar og í Edinborg. Heim kominn úr siglingum hóf hann að teikna og mála af alvöru og sótti tíma hjá Ásgrími Jónssyni. Á árunum 1928–30 stundaði hann nám hjá Axel Revold prófessor í Ósló og næsta áratug var hann við nám í París og Kaupmannahöfn. Þar hitti hann landa sína, meðal annars Sigurjón Ólafsson, en þeir sýndu báðir á sýningunni *Skandinaverne* 1939 ásamt ungu abstraktlistamönnum sem síðar stofnuðu *Cobra*. Þorvaldur flutti heim til Íslands árið 1940 og tók þátt í sýningum *Septemberhópsins* í Reykjavík á árunum 1947–52. Hann sýndi verk sín víða erlendis og var fulltrúi Íslands, ásamt Svavari Guðnasyni, á *Tvíæringnum í Feneyjum* 1972. Árið 1980 gáfu hjónin Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sverrir Sigurðsson Háskóla Íslands um 100 málverk og teikningar eftir Þorvald og varð það stofninn að Listasafni Háskólans.

Sigurjón Ólafsson (1908–1982)

fæddist á Eyrarbakka og ólst þar upp. Hann flutti til Reykjavíkur 1923 þar sem hann fékk tilsögn í myndlist og lauk sveinsprófi í málaraíð. Hann fór til Kaupmannahafnar haustið 1928 til náms hjá Utzon-Frank myndhöggvara og prófessor við Konunglega danska Listaháskólann. Árið 1930 hlaut hann gullverðlaun skólans og var fljótlega talinn meðal efnilegustu myndhöggvara yngri kynslóðarinnar í Danmörku. Hann varð fyrir áhrifum af kúbisma og súrealisma á fjórða áratug aldarinnar, gerði djarfar formtilraunir og tók þátt í sýningum með öðrum framúrstefnulistamönnum. Stærsta verkefni Sigurjóns í Danmörku var gerð tveggja skúlptúra úr graníti fyrir ráðhústorgið í Vejle á árunum 1941–44. Árið 1945 sneri Sigurjón heim til Íslands og varð meðal brautryðjenda módernismans á Íslandi. Á langri starfsævi var Sigurjóni falið að gera fjölda opinberra verka, meðal annars standmyndir, minnismarki og lágmyndirnar á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar. Stórt safn verka hans tilheyrir Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og Listasafni Íslands, en einnig má sjá verk hans á söfnum í Skandinavíu og í Bandaríkjunum.

Svavar Guðnason (1909–1988)

fæddist á Höfn í Hornafirði, starfaði síðar og nam í Reykjavík, en sigldi til Kaupmannahafnar 1935 til að nema málaralist. Hann var ekki lengi við Konunglega danska Listaháskólann en stundaði aðallega sjálfsnám. Árið 1938 hélt hann til Parísar þar sem hann dvaldi í hálf tveimur árum og kynnti sér það sem var efst á baugi í heimslistinni og málaði af kappi. Hann var í nánu sambandi við listamenn úr danska sýningarhópnum *Høstustillingen* (1942–48) og *Cobra* (1949–51) sem Asger Jorn stofnaði ásamt listamönnum frá Danmörku, Hollandi og Belgíu. Eins og Sigurjón, dvaldi Svavar í Danmörku á stríðsárunum 1940–45. Haustið 1945 hélt hann stóra einkasýningu í Reykjavík á abstraktverkum, sem vakti mikla athygli og markaði tímamót í íslenskri myndlist. Verk Svavars hafa verið sýnd víða erlendis og oft með verkum annarra *Cobra* listamanna. Myndir hans eru að finna í mörgum erlendum söfnum og Listasafn Hornafjarðar - Svavarssafn var opnað 2011 með stofngjöf frá Ástu Eiríksdóttur, ekkju listamannsins. Svavar var fulltrúi Íslands, ásamt Þorvaldi Skúlasyni, á *Tvíæringnum í Feneyjum* 1972.

Nína Tryggvadóttir (1913–1968)

fæddist á Seyðisfirði en flutti með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur 6 ára gömul. Með menntaskólanámi sínu sótti hún tíma hjá listmálurunum Ásgrími Jónssyni, Finni Jónssyni og Jóhanni Briem. Á árunum 1935–39 var hún nemandi Kræsten Iversen prófessor við Konunglega danska Listaháskólann og sýndi meðal annars á *Charlottenborg* og *Den Frie*. Nína bjó mestan hluta ævinnar erlendis, í París, London og New York og var því í góðri aðstöðu til að sýna verk sín í alþjóðlegu samhengi. Hún dvaldi þó oftast á Íslandi á sumrin og hélt mikla tryggð við land og þjóð. Áhrif íslenskrar náttúru og hinnar sérstöku íslensku birtu koma fram í verkum hennar, sem eru í senn kröftug og ljóðræn. Henni voru falin nokkur opinber verkefni á Íslandi, meðal annars altaristöfluna í Skálholtskirkju og veggmynd í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Eftirtalin söfn eiga verk eftir Nínu Tryggvadóttur: MOMA í New York borg, Centre Georges Pompidou í París, Le Musée d'Art et d'Industrie, Saint-Etienne auk safna í Þýskalandi, Ísrael og á Íslandi.

Kristján Davíðsson (f. 1917)

fæddist í Reykjavík en ólst upp á Patreksfirði og aðeins fimm ára gamall fylgdist hann með Guðmundi Þorsteinssyni - Mugg - mála mynd niðri við höfn. Tíu árum síðar sá hann ljósmyndir af verkum expressjónistanna Kokoschka og Karl Hofer. Þetta reyndist honum mikil hvatning og leitaði hann tilsagnar hjá Finni Jónssyni, sem sjálfur hafði verið við nám í Þýskalandi. Á árunum 1935–45 var Kristján í Reykjavík og vann fyrir sér með sjómennsku og sem verkamaður jafnframt því sem hann málaði af kappi og lék á fiðlu. Hann vingaðist við framúrstefnulistamenn, bæði rithöfunda og málara, og árið 1945 hlaut hann styrk sem gerði honum kleift að stunda nám við Barnes Foundation í Filadelfíu. Í Bandaríkjunum kynntist hann verkum helstu módernistanna en einnig list hinna svokölluðu frumstæðu þjóða. Eftir að hann kom heim 1947 tók hann þátt í sýningum *Septemberhópsins* í Reykjavík. Hin frjóu, sjálf-sprottnu málverk hans hafa alla tíð síðan veitt nýja strauma inn í íslenska myndlist. Kristján Davíðsson var fulltrúi Íslands á *Tvíæringnum* í Feneyjum 1984 og *Tvíæringnum* í São Paulo 1985.

Guðmunda Andrésdóttir (1922–2002)

fæddist í Reykjavík, lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1941 og vann á skrifstofu. Haustið 1945 sá hún sýningu á abstraktverkum Svavars Guðnasonar í Listamannaskálanum og varð það henni sú hugljómun að hún ákvað að byrja að mála. Árin 1946–48 var hún við myndlistarnám í Svíþjóð og í París 1951–53 og fór í námsferðir til Ítalíu, Hollands og Englands. Guðmunda sýndi fyrst opinberlega með Septemberhópnum 1952 en hélt sína fyrstu einkasýningu í Reykjavík 1956. Hún vann alla tíð launavinnu jafnhliða því að sinna list sinni, fyrst sem teiknikennari og síðar tækniteknari hjá Orkustofnun. Verk Guðmundu eru í helstu söfnum hérlandis og í Bandaríkjunum eiga þrjú þekkt listasöfn verk eftir hana; Colby Art Museum í Maine, Safn Gertrud A. Mellon - Museum of Modern Art í New York borg og Museum of Fine Arts í Boston. Í erfðaskrá ánafnaði Guðmunda listaverkæign sína Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur og Listasafni Háskóla Íslands. Einnig lagði hún fram stofnfé til Styrktarsjóðs sem ber hennar nafn og hefur það markmið að styrkja unga og efnilega myndlistarmenn til náms.

